

um fjárhagsstuðning við útgáfu erlendra öndvegisrita á íslenzku.

Flm.: Ingvar Gíslason, Sigurvin Einarsson.

1. gr.

Markmið laga þessara er að styðja útgáfu íslenzkra þýðinga erlendra öndvegisrita, sem teljast hafa alþjóðlegt menningargildi.

2. gr.

Veita skal í þessu skyni 1 milljón króna á fjárlögum árlega, í fyrsta sinn á fjárlögum fyrir árið 1971.

3. gr.

Úthlutunarnefnd, skipuð 5 mönnum, ráðstafar fé því, sem um ræðir í 2. gr.

Ráðherra skipar úthlutunarnefnd til fjögurra ára í senn þannig, að einn skal tilnefndur af Háskóla Íslands, einn af menntamálaráði, einn af Hinu íslenska bókmenntafélagi og Þjóðvinafélaginu í sameiningu, einn af Bóksalafélagi Íslands, einn skipar ráðherra án tilnefningar, og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Úthlutunarnefnd setur sér sjálf starfsreglur í samráði við ráðherra. Afl atkvæða ræður úrslitum mála í nefndinni. Á nefndin allt mat um það, hver verk séu hæf fjárstuðnings samkv. lögum þessum og hversu mikils. Heimilt skal úthlutunarnefnd að semja við útgefanda, einn eða fleiri, um tiltekna útgáfu og verja ráðstöfunarfé sínu í samræmi við það.

4. gr.

Ráðherra ákveður nefndarmönnum samkv. 3. gr. þóknun. Allur kostnaður af starfi nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sá er megintilgangur þessa frumvarps, ef að lögum yrði, að ríkissjóður styrki eftir ákveðnum reglum menningarlega þýðingastarfsemi í landinu og útgáfu erlendra öndvegisrita á íslenzku.

Þrátt fyrir mikla bókaútgáfu hérlendis og talsvert umfangsmikla þýðingastarfsemi orkar menningargildi þýðinga mjög tvímælis. Á því sviði fer yfirleitt meira fyrir magni en gæðum. Ekki skulu hér raktar allar ástæður þess, að jafnan gætir meira þýðinga lítilsverðra ritverka en þeirra, sem veigameiri verða talin. Þó má fullyrða, að fjárhagsástæður bókaútgefenda ráði þar miklu. Yfirleitt er bókaútgáfa áhættufyrirtæki og varla við öðru að búast en að bókaútgefendur hyllist til að gefa út verk, sem þeir vita skjótan markað fyrir og ekki eru of kostnaðarsöm í þýðingum og útgáfu. Eigi að síður eru flestir bókaútgefendur sér þess meðvitandi, að á þeim hvílir nokkur skylda í þessu sambandi. Rétt er að koma til móts við slíka útgefendur með stuðningi af ríkisfé, án þess að stefnt sé að ríkisútgáfu að neinu leyti.

Samkvæmt 2. gr. frv. skal árlega veita eina milljón króna á fjárlögum í þessu skyni, og samkvæmt 3. gr. skal sérstakri finnu manna úthlutunarnefnd, sem í eigi sæti fyrst og fremst fulltrúar menningarstofnana, falið að ráðstafa fjárveitingunni. Að dómi flm. er nefndarskipun af þessu tagi heppilegri í þessu tilviki en pólitísk skipan úthlutunarnefndar.

Sú er von flm., að framkvæmd þeirrar hugmynda, sem hér er hreyft, verði til þess að örva útgáfu erlendra öndvegisrita í vönduðum þýðingum, enda ber til þess ærna nauðsyn. Þrátt fyrir almennari málakunnáttu nú en áður, eru ekki líkur til þess, að hún endist öllum til þess að notfæra sér erlend fræðirit um sérgreind og torskiln efni, og kemur þar margt til, m. a. það, sem alkunna er, að venjulegt tungumálanám í skólum er takmörkum bundið að efni og orðaforða. Öllum þorra manna er ófalað miklu aðgengilegra að lesa bækur á móðurmáli sínu en erlendri tungu, sem menn hafa misgott vald á. Á það einkum við um bækur, sem leggja þarf alúð við að lesa vegna torskilins eða framandi efnis.

Þýðingar eru vanræktur þáttur í bókmenntum Íslendinga, ekki sízt að því leyti, hversu tilviljanakennd útgáfa þýðinga er og hversu einhæfar og fáskrúðugar þýðingarnar eru. Er illt til þess að vita, að ýmis af áhrifamestu ritverkum heimsbókmenntanna, ekki sízt í heimspeki, þjóðfélagsvísindum, náttúrufræði og stærðfræði, eru ekki til á íslenzku. Má ætla, að þessi skortur þýðinga erlendra öndvegisrita hafi haft mjög víðtæk áhrif á fræðileg viðhorf og þekkingarsvið Íslendinga, sem annars eru áhugasamir um bóklestur og sjálfsmenntun. Er það margra mál, að Íslendingar séu fróðleiksfúsari en ýmsar aðrar þjóðir og sjálfsmenntun algengari hér á landi en víðast hvar annars staðar. Ef sú fullyrðing á við rök að styðjast, er augljóst, að Íslendingum er meiri nauðsyn en öðrum að eiga aðgang að þeim þekkingarmiðlum, sem auðveldast er að færa sér í nyt, en þar eru bækur í fremstu röð.